

FRÆSÖFNUN OG SÁNING BIRKIFRÆJA

Sjónum nemenda er beint að endurheimt náttúrulegra gæða og mikilvægi heilbrigðra vistkerfa fyrir gróður og jarðveg, lífbreytileika og baráttuna við loftslagshamfarir.

Markmið:

Tilgangur þessa verkefnis er að vekja athygli nemenda á birkiskógum og hvernig hægt er að taka þátt í því að endurheimta birkiskóga Íslands.

Verkefnalýsing:

Þetta verkefni tekur eins mikinn tíma og áhugi er fyrir og veður leyfir. Fræsöfnunin sjálf getur staðið yfir frá því að fræin eru orðin þroskuð snemma á haustin og þangað til þau fara að detta af. Þetta er mislangur tími eftir árum og einnig er fræframleiðsla misjafnlega mikil milli ára. Hægt er að gera verkefnið einu sinni eða endurtaka árlega. Fyrir hvern? Verkefnið er hugsað fyrir unglingastig grunnskóla og framhaldsskóla en auðvelt er að aðlagja það að yngri nemendum líka.

Fræðsla:

Birki þroskar yfirleitt mikið af fræi og reklunum er auðvelt að safna á haustin. Það er til mikils að vinna við endurheimt birkiskóga.

Gróðurfar og dýralíf eykst og verður fjölbreyttara (aukinn lífbreytileiki), vatnsheldni jarðvegs verður meiri (kemur m.a. í veg fyrir aurskriður) og lækir myndast.

Þar að auki verður kolefnisbinding í gróðri og jarðvegi og vistheimt er þannig loftslagsaðgerð. Fjölmargar tegundir af lífverum finnast í birkiskógum, t.d. gulvíðir, loðvíðir, blæösp, reyniviður, ýmsar botngróðursplöntur, fuglar, smádýr og sveppir.

Undirbúningur:

Horfið á myndband - Birki

Fyrsta skrefið í þessu verkefni er síðan að finna birkitré í nágrenni skólans. Ef ekkert finnst á almenningssvæði er hægt að athuga í einkagörðum en nauðsynlegt að biðja um leyfi fyrst. Finnið svæði í nágrenni skólans sem gæti hentað fyrir sáningu á birkifræjum og tilraunir í samráði við skólann, sveitarfélagið og jafnvel Land og Skóg. Munið að birkitré geta orðið ansi há og þau þurfa pláss.

Verkefnavinna

1. Kortlagning og gagnasöfnun. Heppileg birkitré í nágrenni skólans eru kortlögð og fylgst er með fræframleiðslunni í byrjun skólaárs að hausti. Fræreklarnir eru mjög áberandi og auðvelt að ná þeim af þegar fræin eru þroskuð.
2. Sáning. Fræjum er sáð annað hvort strax eða þau þurrkuð og geymd á köldum stað fram á vor. Svæðið sem hefur verið sáð í er merkt vel. Tekið er GPS hnit og merkt inn á kort. Þá er auðvelt að fylgjast með hvar er búið að sá og hvar má sá á næsta ári.
3. Eftirlit. Árlega er fylgst með vexti plantnanna og sáningarsvæðið stækkað jafnt og þétt.

Til hugleiðingar:

- Hvernig voru birkiskógar Íslands í augum víkinganna?
- Hvað varð til þess að birkiskógar minnkuðu í gegnum árin?
- Hvaða lífverur lifa í birkiskógum?
- Hvar eru stærstu birkiskógar á Íslandi?
- Hvað er kúalubbi og hvernig tengist hann birki?
- Geta tré talað saman? Horfið á myndband frá National Geographic - How trees secretly talk to each other in the forest.

Verkefnið er hluti af námsefninu Náttúra til framtíðar fyrir unglingastig og framhaldsskóla.